



Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Inngangur

Þann 6. desember 2011 samþykkti fræðslunefnd Hörgársveitar að sækja um úttekt á starfi Þelamerkurskóla til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Sú umsókn var samþykkt og á tímabilinu frá mars til maí 2012 unnu Sigríður Harðardóttir og Unnar Hermannsson að úttektinni.

Niðurstöður úttektarinnar bárust í ágúst 2012 og sú umbótaáætlun sem hér liggur fyrir er unnin eftir niðurstöðum úttektarskýrslunnar. Áætlunin hefur verið kynnt fræðslunefnd Hörgársveitar.

Þelamerkurskóla, í nóvember 2012,

skólastjóri

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Húsnæði	Húsnæði er að ýmsu leyti óhentugt. Viðhald og endurnýjun orðið aðkallandi.	Auglýst eftir tilboðum í úttekt á viðhaldi skólahúsnæðisins	Sveitarstjóri	Vinna hafin	21. nóvember 2012	Úttektaráætlun liggur fyrir.	Samþykkt sveitarstjórnar frá október 2012.

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastefna	Skólastefna sveitarfélagsins liggur ekki fyrir, en er í vinnslu. Mikilvægt að hún liggi fyrir sem fyrst svo hægt verði að tengja saman stefnu skólans og skólastefnu sveitarfélagsins.	Þegar hefur verið stofnaður hópur sem vinnur að gerð stefnunnar.	Formaður fræðslunefndar	Vinna hafin	Maí 2013	Skólastefnan kynnt og samþykkt af sveitarstjórn í júní 2013	

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Pelamerskúla vorið 2012

Matsþáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólanámskrá og starfsáætlun	Til þess að auðvelda leit í starfsáætluninni þyrfti að vera efnisyfirlit fremst og skýrari kaflaskiptingar. Þó vantar ýmislegt í starfsáætlunina sem úttektaraðilar telja að eigi heima þar. Má þar nefna bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir. Þeir kaflar þurfa að haldast í hendur við aðrar áætlanir og stefnu skólans. Starfsfólk og skólastjórnendur koma að gerð skólanámskrár og stefnu skólans en þess er ekki getið í starfsáætlun. Úr því þarf að bæta. Nokkuð skýr tengsl skólanámskrár Pelamerskúla eru við aðalnámskrá grunnskóla frá 2008.	Settur hefur verið á stofn stýrihópur innan skólans um endurskoðun skólanámskrár og aðlögun hennar að nýrri aðalnámskrá.	Skólastjóri	Vinna er hafin	Starfsáætlun desember 2013 Fyrstu drög að nýrri skólanámskrá febrúar 2013	Birting á heimasíðu skólans.	Greiðslur úr potti fyrir setu kennara í stýrihópi.

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matsþáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Ársskýrsla og sjálfsmatsskýrslur	Sjálfsmatsskýrslur síðustu ára eru ekki opinberar (t.d. á heimasíðu) og ekki hefur tekist að ljúka sjálfsmatsskýrslu síðustu skólaára. Nokkuð vantar því uppá að gera starfið formfastara, draga saman helstu niðurstöður starfsins í lok hvers skólaárs með helstu mælikvörðum skólans um ásættanlegan árangur auk umbótaáætlana. Jafnframt þyrfti að gera starfið sýnilegra helstu hagsmunaaðilum.	Skólastjóra falið að gera ársskýrslu og sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2011-2012 aðgengilega á heimasíðu skólans	Skólastjóri	Vinna er hafin	Nóvember 2012	Ársskýrsla og sjálfsmatsskýrsla 2011-2012 kynnt fræðslunefnd og skólaráði og birt á heimasíðu skólans.	

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Sampætting grunnþátta	Sampætting grunnþátta nokkuð skýr í starfsáætluninni. Hugsanlega mætti þó vera sérstakur kafli um grunnþættina og hvernig þeir birtast í skólastarfi Þelamerkurskóla og leggja um leið enn frekari áherslu á þau þróunarverkefni sem tengjast grunnþáttunum með beinum hætti.	Settur hefur verið á stofn stýrihópur innan skólans um endurskoðun skólanámskrár og aðlögun hennar að nýrri aðalnámskrá	Skólastjóri	Vinna er hafin	Starfsáætlun desember 2013 Fyrstu drög að nýrri skólanámskrá febrúar 2013	Birting á heimasíðu skólans	Greiðslur úr „potti“ fyrir setu kennara í stýrihópi

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Valgreinar elstu nemenda	Mikil vinna hefur verið lögð að tryggja framboð valgreina við skólann undanfarin ár. Á yfirstandandi skólaári var í fyrsta sinn boðið eingöngu uppá „bundið val“ sem olli nokkurri óánægju meðal nemenda og hefur skólastjórnendum verið falið að leita leiða til að koma til móts við þá gagnrýni fyrir komandi skólaár.	Sótt var um styrk í Sprotasjóð til að bjóða uppá valfagið <i>Púl er kúl</i> . Íþróttakynning í samstarfi við íþróttafélög og líkamsræktarstöð á Akureyri	Skólastjórnendur og íþróttakennari	Vinna er hafin	Desember 2012	Fjöldi nemenda sem velja <i>Púl er kúl</i> . Mat nemenda á valfaginu við lok haustannar 2012.	Styrkur úr Sprotasjóði til að greiða fyrir notkun á líkamsræktarstöðinni og rútuferðir. Greiðsla úr potti fyrir umsjón með faginu til íþróttakennara.

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Fjölbreyttir kennsluhættir	Fjölbreytni kennsluhátta í Þelamerkurskóla er talsverð. Skólinn leggur áherslu á fjölbreytnina en það er samt sem áður undir hverjum og einum kennara komið hvernig sú fjölbreytni birtist. Treyst er á hæfni og styrk einstakra kennara að útfæra kennsluna í samræmi við markmið námsgreinarinnar. Mætti setja skýrari línur með þennan þátt og jafnvel útfæra markmið fyrir hverja og eina námsgrein með hvaða hætti fjölbreytnin verði aukin.	Settur hefur verið á stofn stýrihópur innan skólans um endurskoðun skólanámskrár og aðlögun hennar að nýrri aðalnámskrá.	Skólastjóri	Vinna er hafin	Starfsáætlun desember 2013 Fyrstu drög að nýrri skólanámskrá febrúar 2013	Birting á heimasíðu skólans.	Greiðslur úr „potti“ fyrir setu kennara í stýrihópi.

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Nýting upplýsingatækni í kennslu	Nýting upplýsingatækni í kennslu er nokkuð góð. Gæti hún þó verið meiri þar sem reynt er enn meira á hæfni nemenda. Búnaður til kennslunnar er mjög góður, en netsamband truflar kennsluna og veldur óöryggi kennara og nemenda.	Í matsáætlun 2012-2013 er gert ráð fyrir að kanna notkun kennara á upplýsingatækni. Umsjónarmaður tölvumála fer yfir netsamband innan skólans og leiðir til úrbóta.	Skólastjóri og matsteymi skólans	Vinna er hafin.	Júní 2013	Niðurstöður könnunar í sjálfsmatsskýrslu 2012-2013. Mat kennara á netsambandi skólans.	Fjármunir í fjárhagsáætlun skólans til úttektar á netsambandi skólans.

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Endurmenntun kennara	Endurmenntun kennara er í góðu horfi. Endurmenntunaráætlanir liggja fyrir. Hugsanlega er framboð námskeiða ekki nægjanlegt eða nógu fjölbreytt. Mikilvægt er að endurmenntun spegli áherslurnar í skólastarfinu hverju sinni.	Þörf kennara fyrir meiri fjölbreytni könnuð í starfsmannaviðtölum haustannar og fjárveitingar ársins 2013 til endurmenntunar miðaðar við þá þörf.	Skólastjóri	Október 2012	Desember 2013	Fjölbreytni endurmenntunar meiri en á fyrra skólaári. Fjárveiting til endurmenntunar aukin.	Árleg starfsmannaviðtöl haustannar og fjárveiting til endurmenntunar

Umbótaáætlun í kjölfar úttektar á Þelamerkurskóla vorið 2012

Matspáttur	Tillögur að aðgerðum til umbóta sbr. skýrslu	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Virgni foreldra í foreldrafélagi	Virgni foreldra í foreldrafélagi mætti vera meiri. Líklega þarf að lyfta upp kröftugu starfi foreldrafélagsins í samstarfi við skólann. Mögulega mætti byrja á að taka upp bekkjarfulltrúakerfi.	Búa til bekkjarfulltrúakerfi (fulltrúar námshópa) og skrá verkefni þeirra. Fulltrúar foreldra í hverjum námshópi skipa foreldraráð sem er stjórn foreldrafélagsins innan handar við undirbúning á viðburðum skólans þar sem óskað er eftir framlagi foreldra.	Stjórn foreldrafélags skólans og skólastjóri	Vinna hófst í haust	Á haustönn 2012	Hver námshópur á foreldrafulltrúa í foreldraráði.	